

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Végarði
701 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. mars 2014
Tilvísun: UST20140200072/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014 - 2030

Vísað er til erindis oddvita Fljótsdalshrepps er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014 – 2030

Efnistaka

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er listi yfir efnistökusvæði í sveitarfélagini. Umhverfisstofnun bendir á að á listanum eru námur sem eru langt inni á Fljótsdalsheiði sem voru nýttar þegar framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun voru í gangi og búið er að ganga frá s.s. E14 náma Laugarfelli, E9 náma Drangseyri, E15 náma Norðastafelli og E5 Hamborgarfelli. Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að uppfæra námulistann með hliðsjón af því að stórframkvæmdum er lokið. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í aðalskipulagsáætlun ættu einungis að vera námur sem til stendur að nýta á skipulagstímabilinu.

Samgöngur og grunnhverfi

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Kröflulína 3 fylgi núverandi línu eins og kostur er. Fram kemur í umhverfisskýrslu að í kosti B sé gert ráð fyrir að jarðstrengur taki við af loftlinu frá bjargsbrún og liggi á hentugum stað niður hlíðina til að lágmarka rask eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar verður mat á þessum kostum að bíða þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um leið jarðstrengs og áhrif á jarðmyndanir.

Verslun og þjónusta

Umhverfisstofnun tekur undir það að vanda þarf vel til verka þegar áætlaðar eru þjónustubyggingar við Hengifoss vegna staðsetningar.

Á skipulagsuppdætti er gulur hringur VPI sýndur fyrir utan svæði á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hæfilegri fjarlægð verði haldið milli framkvæmda og náttúruminja svo ekki verði um neikvæð sjónræn áhrif á náttúruminjar að ræða.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

